



Fréttabréf Prentsöguseturs

1. tölublað – 1. árgangur – október 2020

Ágætu félagsmenn Prentsöguseturs

Það er ýmislegt að gerast hjá Prentsögusetri þessi misserin, eins og fram kemur í þessu fyrsta fréttabréfi félagsins. Draumurinn um stórt Prentsögusafn í fjósi og hlöðu í Skálholti mun að vísu ekki rætast. En þar á staðnum mun þó verða settur upp vísir að safni. Vonandi að unnt verði að opna það síðari hluta næsta árs. Einnig hefur Gömlu prentsmiðjunni við Laugavegin í Reykjavík verið haldið opinni nokkra klukkutíma í viku, þótt óneitanlega hafi starfsemin þar fundið fyrir afbrigðilegu ástandi þjóðfélagsins eins og önnur starfsemi á tímum pestarinnar. Í Gömlu prentsmiðjuna

hafa komið gestir og gangandi, sumir reyndar færandi hendi, því þeir eru margir meðal félaga okkar sem luma á gömlum munum og tækjum sem þeir vilja færa Prentsögusetri. Það er vel.

Hugmyndin er að Fréttabréf Prentsöguseturs komi út a.m.k. tvisvar á hverju starfári félagsins. Við í stjórninni hvetjum félagsmenn til að senda okkur efni um málefni félagsins til birtingar. Hægt er að senda efni sem textaskjöl í netfangið prentsögusetur@prentsögusetur.is.

Fyrstu heiðurs- félagarnir



Laugardaginn 29. ágúst buðu fyrrverandi og þáverandi formenn Prentsöguseturs fyrrverandi og núverandi stjórnarmönnum til samkvæmis í sumarbústað Heimis Brynjúlfs þáverandi formanns.

Tilgangurinn var fyrst og fremst að þakka öllu þessu fólki óeigingjarnt starf í þágu félagsins undanfarin fimm ár frá stofnun þess. En ekki síður var ætlunin að afhenda tveimur heiðursfélögum skjöl til staðfestingar á samþykkt síðasta aðalfundar.

Tryggvi Þór Agnarsson tók þessa mynd af heiðursfélögum Heimis Brynjúlfi Jóhannssyni prentara og Svani Jóhannessyni bókbindara eftir afhendingu heiðurs-skjalanna.

Sjá frekar bls. 6 og 7.

Umsóknir um styrki

Það kostar peninga að búa til prentsögusafn í Skálholti eins og nærri má geta. Töluvert mikla peninga. Nokkrir sjóðir eru til sem veita styrki í verkefni á borð við staðsetningu húsnæðis og uppbyggingu atburða safns. Þess vegna hefur verið sótt um styrki hjá nokkrum aðilum, en árangurinn liggur ekki fyrir. Umsóknir um svona styrki eru venjulega birtar á haustin og ber gjarnan að skila umsóknum snemma í október. Af hálfu Prentsöguseturs var sótt um styrk til Mennta- og menningarráðuneytisins til standsetningar húsnæðis fyrir prentsögusafn í Gestahúsi; árangur þeirrar umsóknar ætti að koma fram í afgreiðslu Fjárlaganefndar Alþingis þegar að henni kemur. Þá var sótt um hámarksstyrk (1.000.000 kr.) til Landsbankans til undirbúnings sýningarinnar og um líðlega 8 milljónir til Uppbyggingarsjóðs Suðurlands.

Svo bíðum við og vonum það besta.

Prentsögusafn í Skálholti

Eins og allir vita dreymdi okkur um að setja upp Prentsögusýningu í aflögðu fjósi og jafnvel hlöðu í Skálholti. Samstarf við ráðamenn á staðnum, ekki síst sr. Kristján Björnsson vígslubiskup á staðnum, lofuðu góðu og teiknað var skipulag slíks safns. Einkar glæsilegur draumur. Þó fór svo að þessari hugmynd var hafnað af Kirkjuráði, sem fer með fjármál þjóðkirkjunnar. Fjárhagur þjóðkirkjunnar leyfði ekki slíkar framkvæmdir.


Áhugin á samstarfi var þó áfram fyrir hendi, bæði af hálfu Prentsöguseturs og Skálholtsstaðar. Niðurstaðan varð að Prentsögusafn yrði hluti af uppbyggingu á staðnum, staðsett í svonefndu Gestahúsi í tengslum við væntanlegt safn gamla bóka sem Þorsteinn Þorsteinsson sýslumaður ánafnaði staðnum.

Þessi hugmynd er skemmtileg og verið að vinna með hana. Það er hins vegar alveg ljóst að rýmið í Gestahúsi er ekki nema brot af því sem fyrirhugað var í fjósinu, ekki nema liðlega 100 m² þegar allt er talið. Þetta er hins vegar óneitanlega vettvangur til að koma á framfæri þeirri sögu sem við viljum halda á lofti, sögu bókaferðar á Íslandi.

Björn G. Björnsson sýningahönnuður hefur gert drög að sýningu í þeim þremur föstu rýmum sem við munum hafa til

Kjallarinn og húsið. Hér er fyrsta hugmynd sýningahönnuðarins Björns G. Björnssonar að uppsetningu prentsögusýningar í kjallara svonefnds Gestahúsi í Skálholti. Rétt er að geta þess að í ljós hefur komið að svæðið sem prentsýningin fær er stærra; bókasafnið (hluti þess er neðst á teikningunni) þarf ekki allt það pláss sem því var ætlað og sýningin fær því pláss þar. Gert er ráð fyrir að heildarpláss prentsýningarinnar verði um 105 m² alls.

Að neðan er Gestahúsið/Gestastofa. Hér er grasbrekka að húsinu frá bílastæði og kjallarinn er niðurgrafinn. Sú breyting verður á að brekkan verður grafin burt og innangengt verður í kjallarann frá bílastæðinu. Því fylgja stærri gluggar og þar af leiðandi bjartara húsnæði.



SKÁLHOLT - GESTAHÚS - PRENTSÖGUSETUR Í KJALLARA Mkv. 1:50



ráðstöfunar á staðnum, en auk þeirra verður hluti annarra rýma nýttur.


Eftir situr sú staðreynd að við höfum yfir að ráða miklu magni af vélum og

áhöldum, en vantar stórt húsnæði til að setja þar upp stærri sýningu til frambúðar. Ef einhver félagsmanna eða einhver annar

veit að vænlegu húsnæði mætti hann hafa samband; netfangið er prentsogusetur@prentsogusetur.is.



Ástand kjallarans í dag er svona. Húsnæðið hefur verið niðurgrafið frá upphafi og steypan þar af leiðandi frekar illa farin af langvarandi raka. Búið er að hreinsa allt af veggjunum og gera við skemmdir sem á þeim voru. Einnig er búið að taka burt skemmdir í gólf en eftir að steypa í þær. Frágangur á kjallaranum er hluti af framlagi Prentsöguseturs til endurbóta í húsinu og ljóst að það er dýr framkvæmd. Til að standa undir þeim kostnaði hefur verið sótt um styrk til Mennta- og menningarráðuneytisins. Hér skoða þrír stjórnarmenn Pss, þeir Haukur Már, Hjörtur og Trygvi Þór, húsnæðið ásamt sr. Kristjáni Björnssyni, vígslubiskupi í Skálholti. Kristján er mikill áhugamaður um samstarf um prentsögusafn.



Prentsögusetur er í skipulagshugmyndinni

Hér útskýrir sr. Kristján vígslubiskup framtíðarstarfsemi í Skálholti og skipulag hennar. Verið er að gera umtalsverðar breytingar á staðnum og þáttur í þeim breytingum er að Prentsögusetur verði í Gestahúsi/Gestastofu og tengist þar miklu safni gamalla bóka sem staðurinn á.



Á síðasta aðalfundi Prentsöguseturs var samþykkt lagaákvæði um að félagið skuli sjá um rekstur Gömlu prentsmiðjunnar að Laugavegi 29b, Reykjavík. Skipuð var fimm manna framkvæmdastjórn sem á að hafa umsjón með daglegum rekstri staðarins. Tekjur Gömlu prentsmiðjunnar umfram kostnað skulu renna til Prentsöguseturs.

Reynt hefur verið að hafa Gömlu prentsmiðjuna opna þrisvar í viku í sumar, á þriðjudögum, miðvikudögum og föstudögum kl. 15:00–18:00. Þessir opnunartímar hafa verið auglýstir á Facebook-síðum Prentsöguseturs og formanns félagsins og þeim auglýsingum verið dreift af einstaka félagsmönnum. Aðsókn hefur satt að segja ekki verið mikil, en samt hafa þónokkrir gestir látið sjá sig, bæði innan bókagerðargeirans og aðrir. Eftirminnilegt er þegar nemendur 7. bekkjar og kennarar Waldorfskólans Sóldaggar komu í heimsókn til að skoða hvernig bækur urðu til „í gamla daga“.

**Nemendur
Waldorfskólans
Sólstafir í heim-
sókn í Gömlu
prentsmiðjuna**



Þau fengu fræðslu um vinnuáferðir og breytingar og voru furðulostin á fortíðinni.

Eftirminnileg var ekki síður heimsókn mennta- og menningarráðherra, Lilju Alfredsdóttur. Heimir Jóhannsson, þáv. formaður Prentsöguseturs og Haukur Már höfðu farið á hennar fund ásamt sr. Kristjáni Björnssyni, vígubiskupi í Skálholti, til að fara fram á styrk til að kosta breytingar á húsnæði svonefnds Gestahúss þar á staðnum svo

koma setja mætti þar upp varanlega prentsögusýningu. Í samræðunum fékk ráðherrann mikinn áhuga á Gömlu prentsmiðjunni og bað um að fá að heimsækja hana, sem var auðvitað velkomið.

Stýrihópur Gömlu prentsmiðjunnar kemur saman þegar leyft verður vegna sóttvarna, til að ræða framtíð hennar. Ljóst er að nauðsynlegt er að fá fé til rekstrarins; greidd er húsaleiga fyrir

Stýrihópur Gömlu prentsmiðjunnar



**Heimir Br.
Jóhannsson**



**Ágúst
Guðjónsson**



**Sófus
Guðjónsson**



**Baldvin
Heimisson**




**Katrín
Jónsdóttir**



**Haukur Már
Haraldsson**

Heimsókn mennta- og menningarmálaráðherra í Gömlu prentsmiðjuna. Með Lilju er móðir hennar, Guðný Kristjánsdóttir. Hún er prentsmiður og félagi í Prentsögusetri frá upphafi.



Hér skoða þær mæðgur barnabækur sem prentaðar voru í Bókamiðstöðinni (nú Gamla prentsmiðjan) á vegum Heimis Br., sem er lengst til vinstri á myndinni. Hér til hliðar er svo áritun ráðherrans og föru- neytis í gestabók Gömlu prentsmiðjunnar.

staðinn en tekjur hafa verið undir væntingum og Prentsögusetur hefur staðið undir þeim kostnaði, án þess að mikið hafi komið á móti. Hugmynd hefur

komi fram um styrktarmannakerfi fyrir Gömlu prentsmiðjuna, en hún er enn á hugmyndastiginu.

Minjagripir til stuðnings Prentsögusetri

Í Gömlu prentsmiðjunni við Laugavegin eru þessir fallegu nytjagripir til sölu, minjagripir til ágóða fyrir Prentsögusetur. Hér er um að ræða kaffifanta sem merktir eru bæði Prentsögusetri og Gömlu prentsmiðjunni. Þessir fantar kosta 4000 kr. Einnig eru til sölu bókamerki á 500 krónur.



Heimsóknir og gjafir

Nokkrir gestir hafa komið færandi hendi í Gömlu prentsmiðjuna, með gripi og smátæki sem þeir hafa viljað vita af í vörslu Prentsöguseturs. Hér eru nokkur dæmi.



Hann Sveinbjörn Hjálmarsson fyrrum eigandi Umslags og Víkingsprents hugsar vel til Prentsöguseturs. Hann hefur í tvígang komið í Gömlu prentsmiðjuna færandi hendi. Í fyrra skiptið færði hann okkur veggspjald frá því er leturhönnuðurinn Adrian Frutiger heimsótti Ísland, áritað af meistaranum. Í seinna skiptið færði hann setrinu tvo leturhaka og nokkrar merkilegar bækur, þar á meðal ljósritaða útgáfu af þremur tölublaðunum af fyrsta fréttaritinu sem gefið var út á íslensku, Islandske Maanedts Tidende. Það var gefið út í Hrapsey.



Einar Sigurðsson, fyrrum háskóla- og landsbókavörður heimsótti Gömlu prentsmiðjuna í sumar og hafði með sér eintak af bókinni Tímarit á Íslandi, sem þeir Einar og Guðný hafa tekið saman. Í bókinni eru talin upp öll þau tímarit sem gefin voru út á hér á landi á árunum frá 1111 til 2222, alls svo og svo mörg. Einar færði Prentsögusetri bókina að gjöf.




Afkomandi Ágústs Sigurðssonar prentara – Prentsmiðja Ágústs Sigurðssonar (PÁS) – heimsótti Gömlu prentsmiðjuna snemma sumars. Þetta var Þórður Ágúst Henriksson, sonarsonur, Ágústs Sigurðssonar. Þórður var með í förum sínum allnokkur myndamót úr prentsmiðju afa síns og afhenti þau Prentsögusetur til varðveislu.


Smáveisla og heiðursfélagar

Laugardaginn 29. ágúst buðu fyrrverandi og þáverandi formenn Prentsöguseturs fyrrverandi og núverandi stjórnarmönnum til samkvæmis í sumarbústað Heimis Brynjúlfs þáverandi formanns. Tilgangurinn var fyrst og fremst að þakka öllu þessu fólki óeigingjarnt starf í þágu félagsins undanfarin fimm ár frá stofnun þess. En ekki síður var ætlunin að afhenda tveimur heiðursfélögum skjöl til staðfestingar á samþykkt síðasta aðalfundar. Það var Baldvin Heimisson setjari sem sá um matreiðsluna og sýndi fram á að það er ekki fyrir eina saman tilviljunina að hann er handhafi ráðherrabréfs sem matreiðslumaður. Hér eru nokkrar myndir sem Tryggvi Þór Agnarsson, gjaldkeri Prentsöguseturs, tók í samkvæminu.





Til sölu til stuðnings Prentsögusetri



Frá Hólum til Reykjavíkur

Í Gömlu prentsmiðjunni er til sölu rit um 300 fyrstu árin í prentsögu Íslendinga, *Frá Hólum til Reykjavíkur*. Þar er fjallað um prentverkið á Íslandi frá því að Jón biskup Arason kom hingað til lands með prentsmiðju og prentara í kringum árið 1535 (nákvæmt ártal óvíst), þar til prentsmiðjan var flutt frá Viðey yfir til Reykjavíkur; hverjir unnu við prentverkið á hverjum stað, hvaða helstu bækur voru prentaðar. (Í einu tilfellinu var reyndar engin bók prentuð.) Hvernig voru tækin, í hvaða ástandi á hverjum tíma, hvert var leturvalið og húsnæðið. Hér koma við sögu nokkrir biskupar á Hólum og í Skálholti og ekkja að Hlíðarenda í Fljótshlíð. Að ógleymdum ungum námsmanni úr Ísafjarðardjúpi og framsæknum mönnum í Breiðafjarðareyjum og Dölunum, kvensamur prentari og nemandi sem kaus að hengja sig fremur en að vinna í prentverkinu. Verð kr. 3.500.

Upphaf miðlunar

Í Gömlu prentsmiðjunni er einnig til sölu ritið *Upphaf miðlunar*. Þar er fjallað um miðlun frá hellamálverkum til þess tíma er gullsmiðurinn Johannes Genfleisch zum Gutenberg í Mainz kom í verk gamalli hugmynd sem Marcus Tullius Cicero setti fram í kringum árið 950. Það var árið 1440. Sagt er frá þróun letrunar og leturs, papírus, pergament og loks þróunarsögu pappírs. Í lokin er sagt frá athyglisverðum tækjum sem fundin voru upp og smíðuð til að flýta setningu lesmáls, frá 1796 til 1967, þegar tölvusetningin var að líta dagsins ljós. Verð kr. 3.500.

Bækurnar
er líka hægt að
panta beint frá
höfundi.

Netfang:
haukur1@haukurmar.net



Aðalfundur Prentsöguseturs

Aðalfundur Prentsöguseturs var haldinn í Húsi félaganna að Stórhöfða 31 þann 4. júní sl. Samkvæmt lögum félagsins ber að halda aðalfundinn fyrir apríllok ár hvert, en „ástandið í þjóðfélaginu“ gerði það að verkum að það var sem sagt ekki fyrir en í byrjun júní að sóttvarnareglur leyfðu slík fundahöld.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Hann stakk upp á Sæmundi Árnasyni sem fundarstjóra og Þóru Elfu Björnsson sem fundarritara. Tillaga hans var samþykkt. Hann minntist síðan þriggja féлага sem látist höfðu á árinu en þeir eru: Jón Gústafsson, Richard Valtinogjer og Bragi Guðmundsson. Var þeirra minnst í þögn. Þá flutti formaður skýrslu stjórnar og sagði síðasta ár hafa verið nokkuð erfitt því vonir hefði staðið til þess að húsnæði undir setrið fengist í Skálholti, búið var að gera teikningar en Kirkjuráð féllst ekki á þær hugmyndir. En ný hugmynd er nú um annað húsnæði á sama stað og er verið að vinna að henni. Formlega var Prentsögusetrið opnað 21. febrúar sl. með Gömlu prentsmiðjunni, Laugavegi 29b, á fimm ár afmæli Prentsöguseturs. En Corona-veiran og faraldurinn settu strik í reikninginn með frekara sýningarhald. Þó hafa nemendur úr Waldorfskólanum

komið í heimsókn í fylgd kennara. Þá hafa menntamálaráðherra og fulltrúar Menntamálaráðuneytisins boðað komu sína í heimsókn á næstunni. Þeir Heimir og Haukur Már hafa setið fundi með ráðherra um sýningaradstöðuna í Skálholti. Litið er til fjárlaga næsta árs með styrki í huga til þessa verkefnis. Vonir eru bundnar við að 6 manna framkvæmdastjórn, sem kjósa á núna, muni standa vel að þessu verki og fylgja hlutum eftir. Þá sagðist Heimir stíga til hliðar núna úr formannsembættinu ásamt gjaldkeranum Svani Jóhannessyni á þessum fundi og þakkaði fyrir gott samstarf á árinu.

Lagabreytingar

Haukur Már kynnti nokkrar breytinga-tillögur við lögin:

a) Við 5. grein um félagsaðild bætist við þetta: Fyrirtæki, félög og félagasamtök geta öðlast félagsaðild að Prentsögusetri. Þau eiga rétt á einum atkvæðisbærum fulltrúa á fundum félagsins að uppfylltum skilyrðum laganna um skuldleysi við félagið.

b) 8. grein um aðalfund, þar bætist við um Dagskrá aðalfundar liður 9. Kosning spjaldskrárritara.

c) Við 9. grein bætist við: Spjaldskrárritari heldur utan um skrá yfir félags-

menn og hefur umsjón með innheimtu félagsgjalda.

d) Þá bætist við ný grein, sú 13.: Prentsögusetur sér um rekstur Gömlu prentsmiðjunnar að Laugavegi 29b. Aðalfundur Prentsöguseturs skipar 6 manna framkvæmdastjórn er hafi umsjón með daglegum rekstri Gömlu prentsmiðjunnar. Tekjur Gömlu prentsmiðjunnar skulu renna til Prentsöguseturs.

Þessar lagabreytingar voru samþykktar.

Ný stjórn

Samþykkt var að félagsgjald yrði kr. 4000 hið minnsta.

Kosning formanns. Einn var í kjöri, Haukur Már Haraldsson og var hann klappaður í sætið.

Stjórnarkjör. Kosning fjögurra í aðalstjórn. Tillaga kom um Þór Agnarsson, Tryggva Þór Agnarsson, Hjört Guðnason og Grím Kolbeinsson. Í varastjórn var stungið upp á Bjarna Jónssyni og Katrínu Jónsdóttur. Þau voru öll kosin samhljóða.

Endurskoðendur félagsins. Samþykktir voru til áframhaldandi setu þeir Ólafur Stolzenwald og Simon Knight.

Kosning spjaldskrárritara. Tillaga var gerð um Svan Jóhannesson og var hún samþykkt.

Kosning framkvæmdastjórnar Gömlu prentsmiðjunnar, tillaga var um: Ágúst Guðjónsson, Baldvin Heimisson, Hauk Má Haraldsson, Heimi Br. Jóhannesson, Katrínu Jónsdóttur og Sófus Guðjónsson. Voru þau öll samþykkt án mótframboðs.

Heiðursfélagar

Haukur Már þakkaði traustið, þakkaði fráfarandi formanni og stjórn og lagði til að þeir Heimir Br. og Svanur yrðu gerðir að heiðursfélögum félagsins. Var klappað fyrir því og að því búnu sleit Haukur Már fundi.

(Úr fundargerð.)

Ný
stjórn
Prent-
sögu-
seturs



Haukur Már
Haraldsson
formaður



Hjörtur
Guðnason
varaform.



Grímur
Kolbeinsson
ritari



Tryggvi Þór
Agnarsson
gjaldkeri



Þór
Agnarsson
meðstjórn.



Katrín
Jónsdóttir
varastjórn



Bjarni
Jónsson
varastjórn